

## AUGLÝSING

### um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	Kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga .....	1 000,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma .....	345,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði .....	345,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) .....	345,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum .....	75,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar .....	450,00
7. Fyrir fjármark .....	87,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .....	50,00
9. Fyrir innköllun .....	450,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund .....	180,00
11. Fyrir ógildingarstefnu .....	450,00
12. Fyrir dómsbirtingu .....	450,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum .....	260,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 41,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við pentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 16. ágúst 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 23 30. apríl 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júlí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám hitaveitna

Samkvæmt 29 gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrám hitaveitna frá og með 1. ágúst 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 281, 24. maí 1982, hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 282, 24. maí 1982, hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 283, 24. maí 1982, hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 284, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 285, 24. maí 1982, hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 288, 24. maí 1982, hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 290, 24. maí 1982, hækki um .....	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 289, 24. maí 1982, hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 291, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 292, 24. maí 1982, hækki um .....	12,5%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar, nr. 772, 24. nóv. 1982, hækki um .....	60%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 294, 24. maí 1982, hækki um .....	20%

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 295, 24. maí 1982, hækki um .....	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 296, 24. maí 1982, hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 297, 24. maí 1982, hækki um ..	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 298, 24. maí 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 299, 24. maí 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 300, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 111, 24. febrúar 1982, Varngjöld hækki um .....	15%
Stofngjöld hækki um .....	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 301, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 302, 24. maí 1982, hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 303, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 304, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 305, 24. maí 1982, hækki um .....	12,3%

*Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

29. júlí 1982.

Nr. 438.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 1. ágúst 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 306, 15. maí 1982.

Allir taxtar, að undanskildum hitatöxtum hækki um .....

23%

Í stað 5. gr., hitun, koma eftirtaldir hitunartaxtar:

C-1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald: 1550,00 kr/ár

Orkugjald: 0,85 kr/kWh.

C-2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Orkugjald: 0,36 kr/kWh.

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.

C-3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Orkugjald: 0,21 kr/kWh.

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu 9:00 til 21:00.

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 307, 24. maí 1982, hækki um .....

23%

Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 308, 24. maí 1982, hækki um .....

23%

Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 309, 24. maí 1982, hækki um .....

23%

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 311, 24. maí 1982. Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um .....

23%

nema taxtar A-1 og C-1 sem hækka um .....

14%

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 312, 24. maí 1982 hækki um .....

23%